

SAMTÖK ORKUSVEITARFÉLAGA

Til aðildarsveitarfélaga

Reykjavík 2. apríl 2016

1601003SO VRH
Málalykill: 50.11

Efni: Árskýrsla 2015 og verkefni ársins 2016

Árið 2015 var rólegra en stjórn samtakanna hafði gert ráð fyrir en ýmislegt gerðist þó á árinu sem vert er að gera grein fyrir.

Mikil umræða hefur átt sér stað um nokkurt skeið á meðal sveitarfélaga um málefni vindorkuvera. Ljóst er að áhugi bæði innlendra og erlendra raforkufyrirtækja á því að koma upp slíkri starfsemi hér á landi hefur aukist á síðustu árum.

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga átti fund á árinu með Sambandi Íslenskra sveitarfélaga þar sem þetta var rætt og sendi sambandið í kjölfarið bréf á umhverfis- og auðlindaráðherra. Í bréfinu var óskað eftir því að ráðherrann myndi skipa starfshóp til þess að greina þörf fyrir nauðsynlegar laga- og reglugerðarbreytingar til þess að mæta fyrrgreindri þróun. Jafnhliða verði skoðað hvort tilefni er til þess að móta sérstaka stefnu um hvaða landfræðileg skilyrði þurfi að vera uppfyllt til að heimilt verði að reisa vindmyllur, hvort sem um er að ræða stakar vindmyllur eða þyrpingu vindmylla. Horft verði til framleiðslu sem ætluð er fyrir markað, ekki hugsanlegra heimarafstöðva af þessu tagi, t.d. hjá bændum. Stefnt er að því að starfshópurinn skili greiningu sinni, ásamt tillögum að laga- og reglugerðarbreytingum, fyrir 1. október 2016.

Stóra verkefni ársins var þó, líkt og seinustu ár, að fá í gegn breytingar á skattlagningu virkjana og raforkuflutningsmannvirkja. Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga áttu gagnlegan fund á árinu með Samorku og Sambandi Íslenskra sveitarfélaga þar sem þessi mál voru rædd og eftir þann fund var ákvæðið að allir þessir aðilar myndu senda sameiginlegt bréf á innanríksráðherra og óska eftir að hann stofni starfshóp til þess að vinna að endurskoðun á ákvæðum laga um skattlagningu á mannvirki sem byggð eru í þeim tilgangi að framleiða eða flytja og dreifa raforku.

Markmiðið var að starfshópurinn myndi yfirfara núgildandi lagaramma og eftir atvikum skila tillögum til ráðherra um hvernig megi tryggja sveitarfélögum sanngjarna hlutdeild í tekjum af raforkuframleiðslu og raforkuflutningi með skattlagningu. Í þeiri vinnu verði meðal annars horft til undanþága frá fasteignamati og álagningu fasteignaskatts sbr. 1. málslið 2. tl. 26. gr. laga um skráningu og mat fasteigna. Ráðuneytið er búið að óska eftir tilnefningu í starfshópinn en hlutverk hans er þó ekki alveg eins og gert hafði verið ráð fyrir. Þetta er þó skref í rétta átt.

Samtökin komu því tveimur mjög stórum verkefnum af stað sem verða unnin á árinu 2016.

Haldinn var glæsilegur Orkufundur í Skútustaðahreppi sem lukkaðist vel. Til viðbótar við þetta þá fundaði stjórn með ýmsum aðilum og hópum eins og t.d. verkefnisstjórn um rammaáætlun og innanríksráðherra. Formaður

samtakanna flutti einnig erindi á ráðstefnu um auðlindarentu og nærsamfélagið en upptöku frá fundinum má finna á heimasíðu samtakanna.


Starfsemi samtakanna á árinu 2015 var því að mati stjórnar nokkuð öflug þó svo að gert hefði verið ráð fyrir að eitthvað af þessum verkefnum myndu hefjast á árinu 2015. Við sjáum því fram á að það verði nóg að gera hjá Samtökum orkusveitarfélaga árið 2016-2017 og vonumst við til að ná árangri í þeirri vinnu fyrir aðildarsveitarfélög okkar.

Á seinasta aðalfundi sem haldinn var 10. október 2014 var ákveðið að hækka aðildargjöld í samtökin um 25%. Ástæðan fyrir þeirri hækkun var að samtökin höfðu ekki greitt fyrir ferðakostnað stjórnarmanna en því var breytt á aðalfundinum. Eining var gert ráð fyrir að greiðsla samtakanna til Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna umsýslu í kringum samtökin myndi hækka.

Til viðbótar við þessi atriði þá gerði stjórn ráð fyrir því að starfsemi ársins 2015 yrði mun umfangsmeiri en árin áður. Eins og sjá má á ársreikningnum þá var afkoma samtakanna árið 2015 jákvæð um rúma 1 m.kr. og er handbært fé orðið um 2,4 m.kr.

Samtök sem þessi eru ekki stofnuð til að safna peningum í sjóði en stjórn telur nauðsynlegt að halda sömu aðildargjöldum áfram þar sem við sjáum fram á að mörg verkefni sem samtökin hafa barist fyrir á seinustu árum séu að fara í framkvæmd á þessu ári.

Virðingarfyllst
f.h. stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga



Valur Rafn Halldórsson
framkvæmdastjóri Samtaka orkusveitarfélaga